Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur - Atlantshafsmakríl, 691. mál, 144. löggjafarþing 2014-2015.

Undirritaður er andvígur efnislegu innihaldi þessa frumvarps og þá sérstaklega 3. gr. þess. Í 3. gr. er kveðið á um að sex ára úthlutun veiðiheimilda framlengist sjálfkrafa um eitt ár á hverju ári og að umræddri úthlutun sé ekki hægt að breyta nema með sex ára fyrirvara. Þetta jaðrar við að vera fullkomlega varanleg úthlutun sem stjórnvöld og útgerðaraðilar muni geta vísað til og beitt í framtíðinni, ekki bara um markíl, heldur um aðrar fisktegundir líka. Þá vekur það ekki síst athygli, í jafn mikilvægu máli, að ekki er í einu orði í frumvarpinu vikið að því að kvótinn er í þjóðareign eða að úthlutun myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Það segir ýmislegt um einbeittan vilja stjórnvalda með framlagningu þessa frumvarps. Þetta ákvæði um úthlutun verður ekki skilið nema sem grundvallarbreyting þar sem í gildandi lög um stjórn fiskveiða kveður skýrt á um að úthlutunin myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Sem þýðir að stjórnvöld á hverjum tíma hafa alltaf tækifæri til þess að breyta úthlutuninni og taka upp nýtt fyrirkomulag. Það eina sem er óafturkallanlegt í núverandi kerfi er úthlutun ráðherra á aflaheimildum til eins **árs** í senn. Ákvæði 3. gr. er til þess fallið að að breyta þessu og binda hendur stjórnvalda í framtíðinni til breytinga á úthlutun aflaheimilda í makríl og að koma þeim breytingum í framkvæmd. Frumvarp þetta felur ekki í sér að hagsmuna heildarinnar (þjóðarinnar) sé gætt, heldur felur það fremur í sér sérhagsmunagæslu til handa tilteknum aðilum í þjóðfélaginu. Hagsmunir þessara útvöldu aðila eru grímulaust tryggðir gangi þetta frumvarp óbreytt, að þessu leyti, í gegn á Alþingi. Þá er undirritaður alfarið ósamþykkur því að leyft verði að ráðstafa aflahlutdeild eða aflamarki á milli óskyldra aðila.

Auðlindaarðurinn á með sanngjörnum hætti að renna til þjóðarinnar, sem hann gerir ekki nema að litlu leyti. En það er hluti af sömu sögu.

Undirritaður er í heildina ósamþykkur því að frumvarpið verði að lögum í þeirri mynd sem það er lagt fram. Alþingi getur ekki talist hafa umboð þjóðarinnar til þess að ákvarða úthlutun kvóta til makrílveiða með þeim hætti sem kemur fram í 3. gr. frumvarpsins. Þetta er stærra og mikilvægara mál en svo og fordæmisgildi þess það mikið. Að lokum er bent á það að þingmenn sækja umboð sitt til kjósenda og mér vitanlega hafa lögaðilar (fyrirtæki) eða hin ýmsu hagsmunasamtök ekki kosningarétt til Alþingis. Vægi umsagna um frumvarpið ættu að mínu viti að taka mið af því. Eða er ég að misskilja eitthvað?

Hafnarfirði 29. apríl 2015

kjósandi Kristján Indriðason